



Fréttabréf til forráðamanna í Glerárskóla

Glerárskóli Akureyri

Desember 2016

Þótt ótrúlegt sé er desember genginn í garð enn eina ferðina. Veðrið hefur verið dásamlegt hér á norðurslóðum og því er eins og sumarið hafi teygst arma sína langt fram á haustið. Desember er mánuður aðventu og jóla. Honum fylgir spenna og eftirvænting og stundum örlar aðeins á kvíðanum þegar margt er í gangi og togað er í okkur úr öllum áttum. Því skiptir miklu máli að huga vel að samverunni og hlúa vel að fjölskyldunni því samvera fjölskyldunnar skiptir sköpum í nútímasamfélaginu okkar. Njótum þess að gera aðventuna og hátíð jóla og áramóta að gæðatíma í stað þess að gleyma okkur í ys og þys nútímans.

Í skólanum er margt í gangi þennan síðasta skólamánuð almanaksársins. Nemendur fara í heimsóknir, fá heimsóknir og bralla margt í skólastofunni sem tengist jölunum. Námið er þó umfram allt það sem skiptir máli og því gleymum við ekki en leggjum okkur fram um að tengja leik og nám saman svo úr verði ein heild. Lesturinn skiptir alltaf jafn miklu máli og því hvetjum við alla til að lesa saman á þessum tíma jafnt sem öðrum.

Í skólanum eru einnig atburðir sem brjóta upp venjubundið skipulag og má þar nefna Glerárvísið sem haldið verður næstkomandi föstudag og litlu jólin sem verða dagana 19. og 20. desember.

Í öllu þessu ati leggjum við ríka áherslu á að allir stundi jákvæð samskipti, kurteisi og hlýju í garð náungans og reynum að gera mánuðinn að tákni fyrir kærleika, gleði og samveru. Munum að:

Saman lærum við, náum árangri og gleðjumst!

Við minnum á að skólinn er alltaf opinn forráðamönnum til að kíkja í heimsókn og taka þátt í skólalífinu.

Við þökkum öllum fyrir ánægjulega samvinnu á liðnu ári og hlökkum til að taka á móti nýju ári með gleði og alúðarfestu.

Gleðileg jól!

Kær kveðja frá stjórnendum Glerárskóla,
Eyrúnu, Elínu og Helgu



1. desember 2016

5. tbl. 6. árg

Til umhugsunar:

- *Gleði*
- *Samvera*
- *Jákvæðni*
- *Jólabros*

Efnisyfirlit:

<i>Desember 2016</i>	1
<i>Desemberskipulag</i>	2
<i>Matartorg</i>	2
<i>Dót í skólann</i>	2
<i>Fræðsla</i>	2
<i>Vetur og endurskin</i>	2
<i>Litlu jólin</i>	3
<i>Skólastarf</i>	3
<i>Helstu viðburðir</i>	3
<i>Morgunkaffi</i>	4
<i>Skólalagd 2017</i>	4
<i>Jólaþveðja</i>	4
<i>Mynd augna- blikksins</i>	4

Desemberskipulag

25. nóv—2. des:

1. desember: Sparimatur og betrifatadagur
2. desember: Glerárvision

5.—9. des:

7. desember: Hattadagur/jólasveinahúfudagur
9. desember: Laufabrauð á yngsta stigi í fyrstu lotu

12.—16. des:

14. desember: Síðasti skiladagur bóka á bókasafnið
15. desember: Kakóstund í frístund

19.—20. des:

19. desember: Litlu jól 7. – 10. bekk kl. 19:30 – 21:00
20. desember: Litlu jól 1. – 3. bekkur kl. 8:15 - 9:45
Litlu jól 4. – 6. bekkur kl. 9:30 - 11:00
(4. bekkur sér um jólahelgileik á báðum litlu jólum dagsins)

Frístund:

Pann 20. desember er Frístund opin fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir frá kl. 8:15 – 16.
(Athugið að foreldrar geta skráð öll börn úr 1. – 4. bekk á tímabilinu 8:15 – 13:15)

GLERÁRVISION

Föstudaginn 2. desember n.k. verður Glerárvision haldið í Glerárskóla.
Hátíðin hefst kl. 10:00 en nemendur í 7.—10. bekk taka þátt með söngatriðum.
Hátíðinni lýkur um kl. 12:00.
Nánara skipulag var sent í tölvupósti.

Matartorg

Skráning fyrir janúar 2017 þarf að fara fram frá 7. - 14. desember 2016. Þeir sem vilja hætta eða breyta áskrift í mat/mjólk/ávöxtum/frístund þurfa að gera það á sama tíma.

Dót í skólanum

Kæru forráðamenn! Viljum benda á að nemendur eiga að skilja öll leikföng, s.s. bolta og aðra slíka hluti eftir heima nema þegar um sérstaka „dótadaga“ er að ræða. Vinsamlega takið tillit til þess.

Fræðsla desembermánaðar 2016

Þriðjudagur 6. desember: 7. bekkur—Netið og samskipti

Miðvikudagur 7. desember: 8. bekkur—Sigga Dögg

Vetur og endurskinsmerki

Við viljum benda á að nú er vetur genginn í garð og því er oft á tíðum dulítið kalt úti. Það er því bráðnauðsynlegt fyrir börnin okkar að vera vel klædd og hafa bæði, húfu og vettlinga með í far-teskinu. Einnig er gott fyrir krakkana að hafa þurra sokka til skiptanna í töskunni því oft koma litlir fætur blautir inn úr útiveru og verða kaldir ef þeir fá ekki þurra sokka.

Við viljum einnig minna forráðamenn á að koma endurskinsmerkjum á fatnað nemenda. Þar sem lítil snjór er í kortunum er afar dimmt úti nú í svartasta skammdeginu. Miklu skiptir fyrir börnin að sjást vel í umferðinni svo síður verði slys.

Litlu jólin 2016

Litlu jól nemenda verða, líkt og undanfarin ár, þrískipt, dagana 19. og 20. desember n.k. Þá daga mæta allir í sínu finasta þússi á þessa hátíðlegu stund.

Mæting er í heimastofur þar sem nemendur eiga góða stund með umsjónarkennara. Þar á eftir er farið í matsal þar sem sungið er og dansað í kringum jólatré. Að því loknu ganga nemendur aftur til stofu og eiga gæðastund með kennara áður en haldið er í jólafrí. (sjá tímasetningar í desemberskipulagi hér að framan)



„Brosið er fegursta blóm jarðarinnar!“

Um gíldi þess að brosa

Skólastarf í desember

Við ítrekum að desembermánuður er venjubundinn mánuður í skólastarfinu og því þurfa nemendur að mæta með skólatöskur, íþróttaföt og annað það sem þeir nota á venjulegum skóladegi.

Einnig er gott að hafa meðferðis skæri, liti og límstifti :)

Helstu viðburðir í desember 2016 og janúar 2017

- 1. desember: Fullveldisdagur—góður matur og hátíðarklæðnaður
- 2. desember: Glerárvision
- 7. desember: Hattadagur
- 15. desember: Kakóstund í frístund
- 19. desember: Litlu jól unglingastigs að kvöldi
- 20. desember: Litlu jól miðstigs og yngstastigs—tvískipt að morgni
- 21. desember—2. janúar: Jólafrí nemenda

3. janúar 2017: **Skóli hefst kl. 9:55 samkvæmt stundaskrá**

16. janúar 2017: Skipulagsdagur/ frístund lokuð—nemendur í frí

17.—18. janúar 2017: Viðtalsdagar

**Glerárskóli,
v/Höfðahlíð
600 Akureyri**

Skrifstofa skólans er opin alla virka daga frá
kl. 7:45—15:00 en í fríum nemenda er hún
opin frá kl. 10:00—12:00.

Sími skólans er: 461-2666

Fax skólans er: 461-1316

Netfang skólans er: glerskoli@akureyri.is

Heimasíða: www.glerarskoli.is



HUGUR - HÖND - HEILBRIGÐI

Við erum á Facebook:
Glerárskóli

Morgunkaffi með stjórnendum!

Morgunkaffi með stjórnendum er óformlegt samtal
forráðamanna og stjórnenda Glerárskóla. Morgunkaffið er
frá kl. 8:15—8:45 á kaffistofu starfsmanna.
Eftir áramót verður morgunkaffi með stjórnendum sem hér
segir:

Miðvikudaginn 15. febrúar: **5. bekkur**

Föstudagurinn 17. febrúar: **3. bekkur**

Miðvikudagurinn 22. febrúar: **2. bekkur**

Föstudagurinn 24. febrúar: **10. bekkur**

**SKÓLAHALD Í GLERÁRSKÓLA ÁRIÐ 2017 HEFST
ÞRIÐJUDAGINN 3. JANÚAR KL. 9:55
SAMKVÆMT STUNDASKRÁ.**

Jólaþveðja

*Glerárskóli óskar forráðamönnum og nemendum gleðilegra
jóla og farsældar á komandi ári.*

*Kærleikskveðja,
Starfsfólk Glerárskóla*

